

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 13. febrúar 2013.
1302008 IE

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frv. til breytinga á lögum um fjölmiðla (eignarhald og endurbætur).


Með tölvubréfi dags. 25. janúar 2013 óskaði Allsherjar- og menntamálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til breyt. á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, (eignarhald og endurbætur), þskj. 631, 490. mál.

Jafnréttisstofa telur rétt að vekja athygli nefndarinnar á því að eins og 28. gr. laganna er orðuð núna verður ekki annað séð en að miðlun á klámefni geti rúmast innan greinarinnar, sjá a., b. og c. liði 2. mgr. 28. gr. laganna.

Í samfélaginu hefur undanfarið verið mikil umræða um áhrif klámvæðingar á sjálfsmynd, ekki síst unglinga, væntingar í tengslum við kynlíf, kynheilbrigði o.fl. Rætt hefur verið um skaðsemi kláms og tengingu við ofbeldi. Jafnréttisstofa telur brýnt að spyrna við fótum og stemma stigu við klámvæðingunni eins og kostur er.

Ekki verður séð að sú breyting sem lögð er til í 10. gr. frumvarpsins leiði til breytinga hvað ofangreint atriði varðar. Jafnréttisstofa telur brýnt að lagfæra 2. mgr. 28. gr. þannig að ekki sé vafi á því samkvæmt lögum fjölmiðla, að óheimilt sé að dreifa klámefni, enda er slíkt bannað skv. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Jafnréttisstofa hvetur nefndina til að fara vel yfir þetta atriði og færa til betri vegar, enda brýnt að samræmi sé í löggjöf svo réttarstaða, hér fjölmiðlaveita, sé ljós.

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur